

unar lækna flutti framsögu um símenntun lækna og urðu nokkrar umræður um hana. Þar kom meðal annars fram að þótt allir séu sammála um nauðsyn símenntunar eru ýmsir erfiðleikar á því að mæla árangurinn af henni. Við þetta er glímt víða um lönd enda tengist þetta kjaramálum lækna. Í Noregi og víðar lækka lækna í launum vanræki þeir símenntunina. Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar til að halda utan um þessi mál, skráningu námskeið og mat á gæðum þeirra, og bíður þar nokkurt starf til að koma þessu í viðunandi horf hér á landi.

Talsmenn heimilislækna og annarra sérfræðinga stigu í pontu og loks greindu formenn svæðafélaganna frá því sem er efst á baugi í þeirra heimabyggð og kom fram í máli flestra landsbyggðarmanna að fræðslumálin ber hæst. Víða hafa lækna fengið aðgang að fjarfundabúnaði og hefur það gerbreytt aðstöðu lækna í afskekktari héruðum til þess að fylgjast með í faginu. Annað mál sem víða brennur á landsbyggðarlæknum eru erfiðleikar við að manna læknaöður.

En svona á heildina litið var nokkuð gott hljóð í læknum á þessari ráðstefnu, í það minnsta hvessti aldrei í salnum. **-PH**

Aðalfundur Læknafélags Íslands 2000

Aðalfundur Læknafélags Íslands verður haldinn á Ísafirði dagana 25. og 26. ágúst n.k. Auk venjulegra aðalfundarstarfa verða ýmis málefni á dagskrá fundarins, sem hefst kl. 11.00 föstudaginn 25. ágúst, málþing verður haldið á laugardeginum og sameiginlegt borðhald fundarmanna og gesta verður um kvöldið. Dagskrá fundarins verður auglýst nánar í júlíblaði Lækna- blaðsins og í fundarboði.

Aðalfundarfulltrúar óskast tilkynntir skrifstofu Lí fyrir 10. júní næstkomandi ef mögulegt er vegna sumarleyfa og jafnframt um fyrirhugaðan ferðamáta viðkomandi til og frá Ísafirði vegna skipulags á flugi.

Aðalfundur Lífeyrissjóðs lækna Aldurs- tengdu réttinda- kerfi komið á

LÍFEYRISSJÓÐUR LÆKNA HÉLT FJÓLMENNAN AÐALfund um miðjan apríl og var þar samþykkt að taka upp aldurstengt réttindakerfi. Samhliða því voru áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 45%. Báðar þessar samþykktir helgast af styrki stöðu sjóðsins um þessar mundir en hrein eign hans jókst úr 8,9 milljörðum í 11,4 milljarða króna á síðasta ári.

Raunávöxtun sjóðsins var á síðasta ári 16,4% en nafnávöxtun 22,4%. Síðustu fimm ár hefur raunávöxtun sjóðsins verið að jafnaði 10,4% á ári sem verður að teljast góður árangur. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var sterk þegar úttekt var gerð á henni um síðustu áramót. Miðað við 3,5% raunávöxtun eru eignir sjóðsins 4,6 milljarðar umfram áfallnar skuldbindingar.

Í ljósi þessarar góðu stöðu var ákveðið að taka upp aldurstengt réttindakerfi en það felur í sér að lífeyrisréttindi munu í framtíðinni ráðast af aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt en áður voru áunnin réttindi óháð aldri. Það þýðir í raun að iðgjald sem lækna greiðir í sjóðinn þegar hann er þrítugur veitir meiri réttindi en iðgjald sem hann greiðir um sextugt. Þetta helgast af því að fyrri iðgjaldið á eftir að standa á vöxtum í sjóðum allt að fjórum áratugum en hitt mun skemur.

Í blöðum sem dreift var á fundinum eru talin upp helstu rökin fyrir þessari breytingu:

- Afkoma lífeyrissjóðsins er óháð aldurssamsetningu sjóðfélaga.
- Hver sjóðfélagi fær réttindi í hlutfalli við sparnaðartíma og tryggingalega áhættu. Enginn sjóðfélagi hagnast á kostnað annars.
- Sjóðfélagar geta hætt fyrr að vinna án þess að missa af „verðmætustu“ árunum.
- Sjóðfélagar geta greitt viðbótariðgjald (umfram 11% af launum) til Lífeyrissjóðs lækna og þannig aukið lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóði.
- Hægt verður að úthluta eignum umfram skuldbindingar árlega til sjóðfélaga. Það verður ekki lengur þörf á að eiga varasjóð til að mæta breytingum á aldurssamsetningu sjóðfélaga.

Við undirbúning þessara breytinga var skoðað hvaða áhrif þær hefðu fyrir einstaka aldurs hópa innan sjóðsins og kom þá í ljós að elstu og yngstu sjóðfélagarnir hagnast á breytingunum. Sjóðfélagar á miðjum aldri hagnast minna vegna þess að þeir hafa þegar greitt í sjóð sem byggir á jöfnum réttindum hálfra starfsævina. Þess vegna var samþykkt að gera ráðstafanir til að jafna réttindin. Áunnin réttindi verða ekki skert en réttindi sjóðfélaga reiknuð eins og þeir hefðu greitt í aldurstengdan sjóð frá upphafi.

Á aðalfundin var gerður góður rómur að þessum tillögum og þær samþykktar í miklu bróðerni. **-PH**